



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 6. desember, 2013

Ákvörðun nr. 30/2013

Samruni Frjós Quatro ehf. og Umbúðasölnnar ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 15. október 2013 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning vegna samruna Frjós Quatro ehf. (hér eftir Frjó) og Umbúðasölnnar ehf. (hér eftir Umbúðasalan) í samræmi við ákvæði b. liðar 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 (styttri tilkynning).

Tilkynningunni fylgdu ýmis gögn er varða samruna félaganna s.s. tilkynning um samrunann til fyrirtækjaskrár RSK, stjórnarfundargerðir og samrunaáætlun félaganna. Auk þess fylgdu með samrunaskránni ársreikningar samrunaaðila þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. a laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi dags. 28. október 2013 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að framangreind tilkynning hafi ekki verið fullnægjandi þar sem henni hafi ekki fylgt afrit af greiðslukvittun vegna samrunagjalds. Í kjölfarið, eða þann 29. október 2013, barst eftirlitinu tölvupóstur samrunaaðila ásamt meðfylgjandi greiðslukvittun. Þann 5. nóvember 2013 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að með framangreindum tölvupósti teldist samrunatilkynningin fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga og reglum Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

II.

Samruninn

Aðilar samrunans eru tveir, Frjó og Umbúðasalan. Í samrunaskránni kemur fram að umræddur samruni hafi verið framkvæmdur samkvæmt XIV. kafla laga um einkahlutafélag nr. 138/1994, að teknu tilliti til ákvæða 51. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 og gangi félögin óskipt til samrunans. Þá segir í samrunaskrá að við samrunann hafi verið tekið tillit



til efnahagsreiknings hvors félags fyrir sig. Þannig eignist núverandi hluthafar í Frjó [...]1% hlut í hinu sameinaða félagi og hluthafi Umbúðasölnunnar eignast [...]2% hlut í félaginu.

Samkvæmt samrunaskrá er Frjó einkahlutafélag sem stofnað var árið 1991. Félagið er að stærstum hluta í eigu Grænmetis ehf. sem fer með [...]3% hlut í félaginu. Grænmeti ehf. er í [...]4% eigu Sölufélags Garðyrkjumanna ehf. Meginstarfsemi Frjós er heildverslun með rekstrarvörur til fyrirtækja í matvælaframleiðslu. Starfssemi Frjós má skipta í fjóra meginflokka sem eru umbúðir, vélar og tæknibúnaður, rekstrarvörur fyrir landbúnað og jafnframt alhliða ráðgjöf og viðhaldsþjónusta. Eru aðalstöðvar fyrirtækisins í Reykjavík.

Umbúðasalan er einkahlutafélag sem stofnað var á árinu 2009. Eini hluthafi félagsins er Kristján Kjartansson. Starfsemi félagsins felst einkum í sölu á umbúðavörum til sjávarútvegsfyrirtækja og eru aðalstöðvar fyrirtækisins í Hafnarfirði.

Samkvæmt samrunaskrá er markmið samruna félaganna einkum það að njóta samlegðaráhrifa í rekstri sameinaðs félags og byggja upp sterkt félag sem geti boðið viðskiptavinum sínum upp á fjölbreyttar umbúðavörur, hvort sem um sé að ræða í sjávarútvegi eða landbúnaði. Telja samrunafélögin að veruleg samlegð sé í rekstri félaganna og að unnt sé að lækka rekstrarkostnað félaganna meðal annars með samnýtingu á dreifikerfi og vörulager. Jafnframt myndi samruni félaganna stuðla að hagræðingu í skrifstofuhaldi og stjórnun félaganna.

Samrunaaðilar telja að núverandi starfsemi þeirra skarist lítið. Selji Frjó fyrst og fremst vörur til nota í tengslum við landbúnað en Umbúðasalan selji aðallega vörur til nota í tengslum við sjávarútveg. Eftir samruna félaganna er það skoðun þeirra að vörumarkaðir hins sameinaða félags yrðu einkum eftirfarandi:

- Markaðurinn fyrir umbúðir.
- Markaðurinn fyrir pappaubúðir.
- Markaðurinn fyrir íblöndunarefni.
- Markaðurinn fyrir garðyrkjuvörur.
- Markaðurinn fyrir vélar sem að mestu leyti eru notaðar í matvælaframleiðslu.

Þá segir í samrunaskrá að sá landfræðilegi markaður sem miða beri við í máli þessu sé landið allt, enda sé eftirspurn fyrir hendi um allt land eftir þeim vöruflokkum sem samrunafélögin bjóða fram.

III. Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða verði til þess að samkeppni raskist

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.



að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Að undangenginni athugun og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni Frjós og Umbúðasölnunnar muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Þannig er hlutdeild samrunaaðila ekki það há á umbúðamarkaði að hún veiti vísbendingar um að samruninn hindri virka samkeppni. Því er ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Frjós og Umbúðasölnunnar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Við rannsókn samrunans kom í ljós að hann hafði verið framkvæmdur á meðan Samkeppniseftirlitið hafði hann til umfjöllunar. Með bréfi dags. 20. nóvember 2013 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að til greina kæmi að leggja sektir á félögin á grundvelli 37. gr. samkeppnislaga, sbr. 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga. Með bréfi dags. 3. desember 2013 óskuðu samrunaaðilar eftir því að sátt yrði gerð í málinu. Leiddu viðræður til þess að sátt var gerð við félögin. Í sáttinni felst að Frjó og Umbúðasalan viðurkenni að hafa brotið gegn ákvæði 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga, með því að hafa framkvæmt samruna félaganna á meðan samrunamálið var til rannsókna. Skulu Frjó og Umbúðasalan greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð eitt hundrað þúsund króna vegna brotsins. Við ákvörðun sekta var horft til stærðar samrunans og annarra mildandi málsástæðna.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samruna Frjós Quatro ehf. og Umbúðasölnunnar ehf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Með sátt gangast Frjó Quatro ehf. og Umbúðasalan ehf. við því að hafa brotið gegn ákvæði 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005. Skulu Frjó Quatro ehf. og Umbúðasalan ehf. greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð eitt hundrað þúsund króna.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson